
Áhættu- og áhættustýringarstefna Íslenska lífeyrissjóðsins

Mars 2021

Stefnan byggir á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða.



ÍSLENSKI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

Efnisyfirlit

I. Inngangur	3
II. Áhættustefna	4
1. Stefna	4
a. Forðast áhættu.....	4
b. Draga úr áhættu.....	4
c. Yfirfæra áhættu.....	4
d. Meðvituð áhættutaka.....	4
e. Stýra áhættu.....	4
2. Áhættuflokkar	4
a. Lífeyristryggingaráhætta.....	5
b. Markaðsáhætta.....	5
c. Eigna- og skuldbindingajöfnuður.....	6
d. Rekstraráhætta (e. Operational risk).....	7
e. Orðsporsáhætta.....	7
f. Stjórnhættir.....	7
g. Mótaðilaáhætta.....	7
h. Lausafjáraáhætta.....	7
i. Samþjöppunaráhætta.....	8
j. Aðrir áhættuþættir.....	8
III. Áhættustýringarstefna -.....	8
1. Yfirsýn stjórnenda og starfshættir við eftirlit	8
a. Hlutverk stjórnar lífeyrissjóðsins.....	8
b. Hlutverk framkvæmdastjóra lífeyrissjóðsins.....	8
c. Hlutverk ábyrgðaraðila áhættustýringar.....	9
d. Hlutverk endurskoðunarnefndar.....	9
e. Siðferði og starfshættir.....	9
2. Framkvæmd eftirlits	9
a. Lífeyristryggingaráhætta - Verklag.....	9
b. Markaðsáhætta - Verklag.....	10
c. Eigna- og skuldbindingajöfnuður - Verklag.....	11
d. Rekstaraáhætta - Verklag.....	11
e. Orðsporsáhætta - Verklag.....	11
f. Stjórnhættir - Verklag.....	12
g. Mótaðilaáhætta.....	12
h. Lausafjáraáhætta - Verklag.....	13
i. Samþjöppunaráhætta - Verklag.....	13
j. Aðrir áhættuþættir sem lífeyrissjóðurinn telur geta haft áhrif á eignir og skuldbindingar sjóðsins - verklag.....	15
k. Álagspróf séreignardeildar.....	15
Vikmörk.....	15
l. Vikmarkaefirlit.....	15
Birtingartafla.....	17
Undirritun stjórnar og framkvæmdastjóra.....	18

I. Inngangur

Áhættu- og áhættustýringarstefna Íslenska lífeyrissjóðsins felur í sér skilgreiningar á helstu áhættum í rekstri sjóðsins, hve mikil áhætta teljist ásættanleg og lýsingar á með hvaða hætti staðið skuli að heildaráhættustjórnun hjá lífeyrissjóðnum.

Markmið áhættustefnunnar og áhættustýringarstefnunnar er að fá betri yfirsýn, auka öryggi í rekstri sjóðsins og stýra áhættu í fjárfestingum ásamt því að tryggja að gildandi lögum, reglum og samþykktum sjóðsins sé fylgt. Í áhættustefnunni eru ólíkir áhættuþættir skilgreindir og metnir og í áhættustýringarstefnu eru rakin helstu atriði við áhættustjórnun sjóðsins.

Með áhættu er átt við öll þau tilvik sem hafa áhrif á fjárhagslega stöðu sjóðsins og auka líkurnar á því að réttindi eða eignir sjóðfélaga skerðist til skemmri eða lengri tíma. Nær áhætta bæði til atvika er lúta að eignum og skuldbindingum, þ.m.t. hættunnar á skerðingu eigna vegna fjárhagslegs taps. Með fullnægjandi áhættustjórnun og innra eftirliti hjá sjóðnum aukast líkur á að starfsemi hans sé í ásættanlegu horfi með hliðsjón af hagsmunum sjóðfélaga. Það er grundvallarafstaða stjórnar og starfsmanna sjóðsins að virk áhættustjórnun sé ferli sem stuðlar að aukinni vitund, skilvirkni og árangri, ásamt því að lögum og reglum sé framfylgt.

Árangursríkt áhættustýringarferli samanstendur af áhættustefnu, ferli og skýrslugjöf þar sem megintilgangur er að greina, mæla, fylgjast með og meta alla mikilvægustu áhættuþætti sem snúa að sjóðnum og sjóðfélögum.

Áhættuvilji sjóðsins er varðar fjárhagsáhættu er skilgreindur í fjárfestingarstefnu sjóðsins, flokkaður eftir hefðbundnum eignaflokkum, sem bil milli vikmarka í fjárfestingarstefnu fyrir hvern eignaflokk. Markar það vilja sjóðsins til eignadreifingar og samsetningar markaðs- og mótaðilaáhættu niður á einstaka eignaflokka hverju sinni. Markmið fjárfestingarstefnu er að ávaxta fé sjóðfélaga/rétthafa með hliðsjón af hagfelldustu kjörum sem í boði eru á hverjum tíma að teknu tilliti til áhættu. Fjárfestingarstefna og fylgni við hana skoðast því sem hluti af áhættustjórnunarferlinu í heild og er því samofin áhættustefnu og áhættustýringarstefnu.

Við mótun áhættustefnu, áhættustýringarstefnu og fjárfestingarstefnu eru skoðaðir þættir eins og lífeyrisbyrði, tryggingafræðileg staða, aldursdreifing sjóðfélaga og rétthafa, framtíðargreiðsluflæði, núverandi eignasamsetning, aðstæður á mörkuðum, áhættumælikvarðar og áhættuþol sjóðsins. Allt eru þetta þættir sem hafa áhrif á mótun áhættu- og fjárfestingarstefnu og þar með áhættuvilja sjóðsins sem getur verið aukinn eða minnkaður byggt á mati á fyrrnefndum þáttum sem mynda áhættusnið sjóðsins. Breytingar á undirliggjandi þáttum sem leiða til breytinga á áhættusniði eru metnar með reglubundnum hætti eins og tilgreint er í áhættustýringarstefnu sem og með árlegu áhættumati sjóðsins. Ef um er að ræða ítrekuð eða markverð frávik ber að grípa til aðgerða sem leiða til breytinga á áhættusniði sjóðsins í heild.

Áhættustýringarferli er samofið daglegum rekstri og ákvarðanatöku innan sjóðsins. Allir starfsmenn sjóðsins skulu vera meðvitaðir um þær áhættur sem snúa að sjóðnum. Líta skal á innri endurskoðun sem mikilvægan hluta af því ferli.

Áhættustefna sjóðsins er byggð á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og reglugerðum sem af lögunum leiða. Þá er byggt á reglugerð nr. 590/2017, um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða.

Áhættustefnu og áhættustýringarstefnu sjóðsins skal endurskoða árlega, eigi síðar en 1. desember ár hvert, og oftast sé um að ræða markverðar breytingar á áhættusniði sjóðsins.

Eiginlega áhættustefnu sjóðsins er að finna í II. kafla og áhættuflokka ásamt áhættusækni í III. kafla.

II. Áhættustefna

1. Stefna

Starfsemi sjóðsins er í eðli sínu ekki áhættusækin. Þó eru fjárfestingaleiðir sjóðsins mis-áhættusamar.

Í áhættustefnu hefur stjórn sjóðsins skilgreint fimm leiðir til að stýra og/eða eftir atvikum takmarka áhættu. Þessar leiðir samtvinnast áhættustýringarstefnu og fjárfestingarstefnu og virkt eftirlit leiðir til þess að áhættustefnu er réttilega fylgt.

Skilgreindar leiðir til að stýra áhættu:

a. Forðast áhættu

Almennt er reynt að leitast við að forðast áhættu í rekstri sjóðsins eftir því sem kostur er. Hér er reynt að útiloka áhættu, t.d. með því að fjárfesta aðeins/ekki í tilteknum flokki eigna eða tilteknum verðbréfum. Áður en þessi leið er valin er nauðsynlegt að stjórn leggi mat á hvaða tækifærum er hafnað og hvaða áhrif það kann að hafa, bæði á mögulegan ávinning og kostnað.

b. Draga úr áhættu

Ekki er unnt að útiloka áhættu með öllu í starfsemi sjóðsins og nauðsynlegt getur verið að taka vissa áhættu. Í þeim tilvikum er leitast við að draga úr áhættunni eftir því sem kostur er og stýra með sem hagkvæmustum hætti.

Ein leið til að draga úr áhættu er gæta að áhættudreifingu eigna, t.d. með að velja saman eignaflokka sem hafa takmarkaða innbyrðis fylgni hvað varðar atvinnugrein, landfræðilega stöðu og eignarhald. Er markmiðið að minnka líkur á tapi og takmarka það tap sem einstakir atburðir geta valdið. Er aðferðum við áhættudreifingu nánar lýst í áhættustýringarstefnu.

c. Yfirfæra áhættu

Þegar þörf krefur má grípa til þess að yfirfæra áhættu með vörnum eða tryggingum, þar sem annar aðili tekur að sér áhættuna að hluta eða öllu leyti gegn gjaldi. Yfirleitt fer kostnaðurinn við yfirfærsluna eftir því að hve miklu leyti áhættan er yfirfærð og hverjar líkur eru á tapi. Hér þarf sérstaklega að huga að markmiðum hvors aðila um sig, að sá sem tekur við áhættunni skilji og hafi burði til að takast á við hana og í hvaða samhengi vörnin verður virk.

d. Meðvitund áhættutaka

Stjórn sjóðsins gerir sér grein fyrir að sumar tegundir áhættu eru þekktar og ásættanlegar eða óhjákvæmi-
legar í rekstri lífeyrissjóðs. Þessar áhættur, eftirlits- og mildunaraðgerðir eru tilgreindar í áhættustýringar-
stefnu. Sem dæmi má nefna að það kann að vera nauðsynlegt að taka áhættu til að ná markmiðum um
ávöxtun og eins getur verið ómögulegt eða óhagkvæmt að beita áhættuvörnum í sumum tilvikum. Sé slík
staða uppi þarf að gæta að því að stjórn skilgreini umfang áhættunnar og tímabil hverju sinni, þ.e. hvort um
tímabundna eða varanlega áhættutöku er að ræða.

e. Stýra áhættu

Þar sem því verður við komið er áhættu sjóðsins stýrt með beinum aðgerðum sem fara eftir eðli máls hverju sinni. Þær aðgerðir eru skilgreindar í áhættustýringarstefnu.

2. Áhættuflokkar

Áhættum er snúa að rekstri sjóðsins er skipt upp í 10 meginflokka: Lífeyrstryggingaáhættu, markaðs-
áhættu, eigna- og skuldbindingajöfnuð, rekstraráhættu, orðsporsáhættu, stjórnhætti, mótaðilaáhættu,
lausafjáraáhættu, samþjöppunaráhættu og aðra áhættuþætti sem lífeyrissjóðurinn telur geta haft áhrif á
eignir og skuldbindingar sjóðsins.¹

¹ Sbr. 6. gr reglugerðar 590/2017

Hér á eftir verður farið ítarlega yfir skilgreiningu þessara áhættuflokka hjá sjóðnum auk áhættuþols og áhættuvilja.

a. Lífeyristryggingaáhætta

Lífeyristryggingaáhætta er skilgreind sem hættan á að lífeyrissjóður vanmeti lífeyrisskuldbindingar sínar vegna vanmats eða óvissu tengdum lýðfræðilegum þáttum, svo sem forsendum um dánar- og örorkutiðni auk forsendna um vexti og verðbólgu.²

Lífeyristryggingaáhætta felur í sér þá áhættu lífeyrissjóðs að geta ekki staðið við skuldbindingar sínar, til skemmri eða lengri tíma, gagnvart sjóðfélögum sínum. Í 39. gr. laga nr. 129/1997 er kveðið á um að ef heildar tryggingafræðileg staða lífeyrissjóðs án ábyrgða, leiðir í ljós að meira en 10% munur er á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga sé skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum og með sama hætti ef þessi munur hefur haldist 5% eða meiri síðastliðin 5 ár. Ef svo er ástatt ber stjórn sjóðsins að grípa til aðgerða sem skilgreindar eru í áhættustýringarstefnu.

Tryggingafræðileg staða lífeyrissjóðs er munur á eignum sjóðsins og reiknuðum skuldbindingum.

Áhættuþáttum er því hægt að skipta í tvennt; áhættu sem tengist eignum sjóðsins og áhættu sem tengist skuldbindingum sjóðsins. Áhættuþættir sem tengjast eignum sjóðsins eru helst: Lækkun markaðsvirðis verðbréfa, verðbólga, þróun gjaldmiðla og aðrir þættir sem hafa áhrif á markaðsvirði eigna lífeyrissjóðsins.

Áhættuþættir sem tengjast skuldbindingum sjóðsins eru helstir: Auknar lífslíkur, aukin örorka og breytt ávöxtunarkrafa sem notuð er til núvirðingar á skuldbindingum.

Það ber að hafa í huga að þessi áhætta á eingöngu við um sameignardeild sjóðsins.

b. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er skilgreind sem hættan á fjárhagslegu tapi eða óhagstæðum breytingum á fjárhagslegri stöðu sem stafa beint eða óbeint af sveiflum á virði eigna.³

Allar stöður í markaðsverðbréfum teljast innan efnahags en höfuðstólsfjárhæðir afleiðna utan efnahags.

Markaðsáhætta er til staðar í vaxtatengdum fjármálagerningum (skuldabréfum og öðrum skuldaviðurkenn-ingum), hlutabréfum og gjaldeyrisviðskiptum. Megináhættuþættir markaðsáhættu eru hluta- og skulda-bréfaferð, vextir og gengi gjaldmiðla. Aðrir þættir á borð við fylgni og flökt, hafa hvorutveggja áhrif á ein-staka áhættuþætti sem og heildar markaðsáhættu. Misræmisáhætta telst einnig til markaðsáhættu en hún myndast þegar misræmi er milli eigna og skuldbindinga sjóðsins til að mynda hvað varðar verðtryggingar-hlutfall, meðallíftíma eða gjaldmiðla. Undir markaðsáhættu falla 7 liðir sem skilgreindir eru hér að neðan. Vikmörk, vöktun og aðgerðir eru nánar skilgreind í áhættustýringarstefnu og fjárfestingastefnu.

1) Hlutabréfaáhætta

Gengisáhætta hlutabréfa er áhættan á sveiflum í virði hlutabréfa vegna opinna staða.

Dæmi: Hlutabréf á verðbréfamarkaði lækka mikið í virði.

2) Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er áhættan á tapi vegna breytinga á markaðsverði vaxtatengdra fjármálagerna, það er hættan á að vextir hækki/lækki og breyting verði á lögum vaxtaferils sem leiðir til lækkunar á virði undir- liggjandi fjármálagernings. Virði vaxtatengdra fjármálagerna byggir á áhættulausum vöxtum og vaxta- álagi.

Dæmi: Þegar ávöxtunarkrafa skuldabréfa á verðbréfamarkaði hækkar t.d. vegna ákvörðunar Seðlabanka að hækka vexti, þá lækkar virði vaxtatengdra fjármálagerna (skuldabréfa).

² Skilgreining í 2. gr. reglugerðar 590/2017

³ Skilgreining í 2. gr. reglugerðar 590/2017

3) Gjaldmiðlaáhætta

Áhætta í gjaldeyrisviðskiptum er áhættan á innbyrðis breytingum á gengi gjaldmiðla, þ.e. gjaldeyriskrossum. Opnar stöður eru annað hvort gnótt- eða skortstöður í erlendum gjaldmiðli og þar með felst áhætta í mögulegum breytingum á gengi viðkomandi gjaldmiðla. Gjaldmiðlaáhætta er til staðar innan efnahags í öllum gengisbundnum eignum lífeyrissjóða. Samkvæmt 6. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997 skal takmarka gjaldmiðlahættu við 50% af hreinni eign sjóðsins.

Dæmi: Skuldbindingar sjóðsins eru allar í íslenskum krónum, til þess að dreifa áhættu er skynsamlegt að fjárfesta í verðbréfum skráðum í öðrum gjaldmiðlum en íslensku krónunni. Mikil breyting á virði íslensku krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum getur þá haft áhrif á virði verðbréfa í íslenskum krónum.

4) Flókt- og fylgniáhætta

Flókt- og fylgniáhætta er undirliggjandi áhætta allrar markaðsáhættu. Með flóktáhættu er átt við áhættuna á tapi vegna breytinga á flókti undirliggjandi áhættuþátta (t.a.m. gengi, o.s.frv.). Með fylgniáhættu er átt við fylgnina á milli sveiflna í mismunandi breytum og kemur hún því mikið við sögu í áhættustýringu lífeyrissjóðsins. Fylgniáhætta vísar til verðáhrifa þess að vænt fylgni á milli breyta verði ekki að veruleika og áhættuvarnir og/eða fjárfestingar skili því ekki tilætluðum árangri.

Dæmi: Fjárfestingastefna sjóðsins gerir ráð fyrir því að sjóðurinn fjárfesti í mismunandi eignaflokkum og verðbréfum sem hafa mismunandi verðþróun á verðbréfamarkaði og þar af leiðandi lága fylgni á milli sín. Ef mörg verðbréf með lága fylgni á milli sín eru sett saman í safn, þá dregur það úr heildaráhættu safnsins.

5) Misræmisáhætta

Hættan á misræmi í breytingum á hlutfalli eigna annars vegar og skuldbindinga hins vegar er misræmisáhætta. Hér er átt við misræmi í hlutfalli verðtryggðra eigna og skuldbindinga sjóðsins, en skuldbindingar sjóðsins eru allar verðtryggðar. Misræmi getur verið í meðallíftíma eigna sjóðsins og skuldbindinga hans, en meðallíftíma skuldbindinga sjóðsins breytist eftir aldursamsetningu sjóðfélaga. Þriðja og síðasta misræmisáhættan er gjaldmiðlamisræmi en hún skýrist af því að hluti eigna sjóðsins eru í erlendra mynt en allar skuldbindingar eru í krónum. Sjóðurinn kemur þó að hluta til í veg fyrir misræmisáhættu með því að hafa eignir mjög seljanlegar. Misræmisáhætta er ekki metin vegna séreignardeildar.

Dæmi: Reynt er að hafa afborganir skuldabréfa í eigu sjóðsins nokkurn veginn í takt við útgreiðslur sjóðsins vegna greiðslu lífeyris, það kemur í veg fyrir að sjóðurinn þurfi að selja verðbréf vegna útgreiðslu, en í því felst aukinn kostnaður.

6) Uppgreiðsluáhætta

Er sú áhætta að skuldari greiði upp skuldir sínar í lækkanði vaxtaumhverfi og gefi út aðrar á lægri vöxtum. Þessi áhætta á fyrst og fremst við um sjóðfélagalán en lífeyrissjóðurinn veitir engin lán. Einnig getur þessi áhætta komið til við uppgreiðslu útgefenda á skuldabréfum. Hluti uppgreiðsluáhættu skuldabréfa fellur innan misræmisáhættu.

7) Áhætta vegna markaðseigna utan efnahagsreiknings

Er afleiðd áhætta undir markaðsáhættu, en það er hætta á breytingum á undirliggjandi eignum eða skuldbindingum vegna afleiðna og gjaldeyrisskiptasamninga utan efnahags. Sjóðurinn getur, með heimild Seðla-bankans, stundað afleiðuviðskipti til áhættuvarna.

c. Eigna- og skuldbindingajöfnuður

Áhætta tengd eigna- og skuldbindingajöfnuði er skilgreind sem hættan á að eignir mæti ekki skuldbindingum til lengri tíma sem má til að mynda rekja til óhagstæðra markaðsbreytinga sem hafa önnur áhrif á eignir en skuldbindingar.⁴

Sem dæmi má nefna algjört (langvarandi) verðfall á hlutabréfamarkaði sem skaðar eignir verulega á meðan skuldbindingar gagnvart sjóðfélögum eru óbreyttar. Sjóðurinn miðar vikmörk í þessu efni við 10% mun milli eigna- og skuldbindingajafnaðar eins og nánar er skilgreint í áhættustýringarstefnu.

⁴ Skilgreining í 2. gr. reglugerðar 590/2017

d. Rekstraráhætta (e. Operational risk)

Rekstraráhætta er skilgreind sem hættan á fjárhagslegu tapi vegna ófullnægjandi innri kerfa, stefnu eða verkferla, háttsemi starfsmanna eða ytri þátta.

Nánar tiltekið er um að ræða áhættu í rekstri vegna svika, mistaka, vanrækslu, óhagræðis, kerfisbilana eða utanaðkomandi atvika. Hugtökin svik, mistök, vanræksla vísa til galla í verkferlum, kerfisbilana, bilana í vélbúnaði og mannlegra mistaka. Áhættugildi samkvæmt áhættumati rekstraráhættu eru á bilinu 2 til 10. Sé metið áhættugildi 6 eða hærra í áhættumati ber sjóðnum að bregðast við með úrbótum eins og skilgreint er í áhættustýringarstefnu.

e. Orðsporsáhætta

Með orðsporsáhættu er átt við hættu á því að orðspor sjóðsins skaðist með athöfnum eða athafnaleysi í starfsemi hans.

Hér er átt við mögulegt tjón á ímynd sjóðsins í huga sjóðfélaga og annarra haghafa, t.d. ef ekki er fylgt góðri viðskiptavenju, starfsreglum, lögum eða leiðbeiningum um góða viðskiptahætti. Orðsporsáhætta getur falist í allri starfsemi og ákvörðunum varðandi rekstur sjóðsins. Sjóðurinn leitast við að halda orðspori sínu sem bestu og er skilgreint í áhættustýringarstefnu hvernig vöktunum og viðbrögðum er háttað.

f. Stjórnarhættir

Stjórnarhættir eru skilgreindir sem samskipti, hlutverk og ábyrgð stjórnar, stjórnenda og starfsmanna sín á milli og gagnvart öðrum hagsmunaaðilum og hvernig þessir aðilar vinna sameiginlega að því að ná fram markmiðum lífeyrissjóðsins. Stjórnarhættir fela í sér fylgni við góðar venjur og viðmið sem varða markmið og stefnur lífeyrissjóðs, hvernig rekstur hans er skipulagður, skilgreiningu á hlutverkum og ábyrgð, virkni innra eftirlits og hvernig upplýsingaflæði er háttað innan sjóðsins.

Vikmörk og viðbrögð við því ef mörk eru ekki haldin eru skilgreind í áhættustýringarstefnu. Þess skal getið að áhætta vegna stjórnháttá getur skarast við rekstraráhættu.

g. Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er skilgreind sem hættan á fjárhagslegu tapi sökum þess að mótaðili uppfyllir ekki skuldbindingar sínar.

Mótaðilum eru gefnar einkunnir eins og skilgreint er í áhættustýringarstefnu og ekki er að jafnaði heimilt að eiga viðskipti við aðila sem fá undir 3 í lánshæfiseinkunn. Undir mótaðilaáhættu flokkast útlánaáhætta, uppgjörshætta, afhendingaráhætta og landsáhætta.

1) Útlánaáhætta

Er sú áhætta að skuldari geti ekki greitt skuldir sínar á fyrirfram ákveðnum tíma og greiðslufall verði að hluta eða öllu leyti.

2) Uppgjörshætta

Áhættan á að uppgjör fari ekki fram eins og til var ætlast t.d. mótaðili afleiðusamnings standi ekki við samninginn á uppgjörstegi. Til að takmarka uppgjörshættu mun sjóðurinn aðeins eiga viðskipti við eftirlitsskyld fjármálafyrirtæki sem að lágmarki hafa lánshæfismatseinkunnina BB.

3) Afhendingaráhætta

Sú áhætta að mótaðili afhendi ekki verðbréf eða önnur verðmæti í samræmi við ákvæði samnings þar að lútandi.

4) Landsáhætta

Landsáhætta er sú áhætta sem felst í starfsumhverfi fyrirtækja í viðkomandi landi. Landsáhætta felst t.d. í efnahagslegum stöðugleika, stöðu gjaldmiðils, verðbólgu, greiðsluhæfi og pólitískum stöðugleika.

h. Lausafjáraáhætta

Lausafjáraáhætta er skilgreind sem hættan á að lífeyrissjóður hafi ekki yfir nægu lausu fé að ráða til að standa undir skuldbindingum sínum eða þurfi að selja eignir á óviðunandi verði.

Lausafjárahættan er tvíþætt, annarsvegar seljanleikaáhætta, sem er áhættan á því að geta ekki selt eignir á ásættanlegu verði innan ákveðins tíma til þess að standa við skuldbindingar og hinsvegar útstreymisáhætta, sem er hættan á því að það verði skyndilegt útfæði úr sjóðnum sem ekki er hægt að mæta án þess að skerða eignir sjóðfélaga.

Sjóðurinn hefur skilgreint sér tvenn vikmörk varðandi lausafjárahættu:

1. Ávöxtunarleiðir sjóðsins skulu miða við að eiga 1% af hreinni eign sjóðsins í lausu fé inni á reikningi til þess að mæta óvæntum útgjöldum.
2. Miða skal við að hlutfall seljanlegra eigna sé aldrei lægra en hlutfall eigna þeirra sjóðfélaga sem verða 60 ára eða eldri á árinu auk vænts brúttó útfæðis næstu 12 mánuði.

i. Samþjöppunaráhætta

Samþjöppunaráhætta er skilgreind sem hættan á auknu fjárhagslegu tapi vegna of mikillar samþjöppunar eigna.

Nánar tiltekið er þetta sú hættan sem skapast ef eignaráðstöfun lífeyrissjóðs er á fáa tengda aðila þ.e. í gegnum sameiginlegt eignarhald, stjórnun eða ábyrgðir. Eins getur samþjöppunaráhætta skapast þegar eignaráðstöfun er einsleit í tilteknum atvinnuvegi, landi eða gjaldmiðli.

Áhætta gagnvart tengdum aðilum, öðrum en ríki, má ekki fara yfir 20% af eignasafni hvers sjóðs. Samkvæmt fjárfestingarstefnu er hámark hvernar atvinnugreinar 25% af eignum safnsins.

j. Aðrir áhættuþættir

Hér undir fellur önnur, ófyrirsjáanleg áhætta eða atburðir, t.d. allsherjar kerfishrun, stórtækar grundvallar-breytingar á lagareglum.

III. Áhættustýringarstefna

1. Yfirsýn stjórnenda og starfshættir við eftirlit

Samkvæmt skilgreiningu í 3. gr. reglugerðar nr. 590/2017 skal stjórn lífeyrissjóðs gera sér grein fyrir þeirri áhættu sem fylgir starfsemi sjóðsins og bera ábyrgð á að mótað sé tryggt eftirlitskerfi með starfseminni. Stjórn og framkvæmdastjóri lífeyrissjóðs skulu stuðla að góðum stjórnháttum og leggja áherslu á mikilvægi áhættustjórnunar og innra eftirlits innan lífeyrissjóðs

a. Hlutverk stjórnar lífeyrissjóðsins

Stjórn lífeyrissjóðsins ber endanlega ábyrgð á því að fullnægjandi áhættustjórnun sé ávallt til staðar ásamt því að ferlar og vinnulag sé skilvirkt. Stjórn sjóðsins setur sjóðnum áhættustefnu sem skilgreinir áhættu-vilja sjóðsins, áhættuþol, og hvernig skuli greina, meta, vakta og stýra áhættu. Áhættuviljissjóðsins endurspeglast í fjárfestingarstefnu hans og fyrir hverja ávöxtunarleið skal vera skýr stefna er varðar áhættumörk (viðmið). Stjórn ber að hafa eftirlit með að sjóðurinn sé innan þeirra marka. Áætlun um viðbrögð skal vera til staðar ef sjóðurinn fer út fyrir fyrirfram skilgreind mörk. Skipting ábyrgðar og verka á milli stjórnar, framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna sjóðsins skal ávallt liggja fyrir og vera skýr.

b. Hlutverk framkvæmdastjóra lífeyrissjóðsins

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að við heildar áhættustýringu séu notaðar aðferðir til að greina, mæla, fylgjast með, meta og stýra þeim áhættum sem starfseminni fylgja og meta hvort og þá hvernig bregðast þurfi við. Hann skal einnig sjá til þess að stjórn sjóðsins fái niðurstöður eftirlits.

Framkvæmdastjóri lífeyrissjóðs skal kynna áhættustefnu fyrir starfsfólki sjóðsins og ber ábyrgð á að stjórnun áhættuþátta sé í samræmi við áhættustefnuna.

c. Hlutverk ábyrgðaraðila áhættustýringar

Ábyrgðaraðili áhættustýringar ber ábyrgð á greiningu, mælingu og skýrslugjöf um áhættu. Ábyrgðaraðili áhættustýringar gerir tillögur að áhættustefnu fyrir stjórn í samráði við framkvæmdastjóra. Starfssvið áhættustýringar skal heyra undir framkvæmdastjóra lífeyrissjóðs, vera sjálfstætt og óháð öðrum starfseiningum. Tryggja skal aðgreiningu þeirra er greina, mæla og gefa skýrslu um áhættu í starfsemi sjóðsins annars vegar og hins vegar þeirra sem taka áhættu með ákvörðunum sínum.

d. Hlutverk endurskoðunarnefndar

Árlega skal endurskoðunarnefnd sjóðsins yfirfara áhættustefnu og leggja til við stjórn sjóðsins breytingar á henni ef hún telur ástæðu til.

e. Siðferði og starfshættir

Mikilvægt er að stjórn og framkvæmdastjóri stuðli að góðu siðferði og góðum starfsháttum innan sjóðsins. Leggja þarf ríka áherslu á mikilvægi áhættustjórnunar og innra eftirlits og að starfsfólk hafi skilning á hlutverki sínu í áhættustýringarferlinu og eftirliti og taki virkan þátt í því.

2. Framkvæmd eftirlits

Ábyrgðaraðili áhættustýringar ber ábyrgð á eftirliti með markaðs- og rekstraráhættu samkvæmt gögnum í gagnagrunnum Landsbankans. Ennfremur sér ábyrgðaraðili áhættustýringar um hlítinareftirlit sjóðsins (Compliance) þ.e. að eignaráðstöfun hans sé í samræmi við lög og fjárfestingarstefnu sjóðsins. Eftirlit með mótaðilaáhættu sjóðsins er framkvæmt af ábyrgðaraðila áhættustýringar. Tryggingastærðfræðingur tekur út lífeyristryggingaráhættu.

Hér á eftir verður farið ítarlega yfir verklag, viðmið, viðbrögð, tíðni eftirlits og hver framkvæmir eftirlitið.

a. Lífeyristryggingaráhætta - Verklag

Við mat á lífeyristryggingaráhættu er gert árlegt álagspróf á tryggingafræðilegri stöðu lífeyrissjóðsins. Álagsprófið er tvískipt, annars vegar á skuldbindingum sjóðsins og hins vegar á eignum. Útreikningur á mismunandi forsendum skuldbindinga og eigna er framkvæmdur af tryggingastærðfræðingi sjóðsins. Framkvæmdastjóri sjóðsins skal upplýsa stjórn um niðurstöður álagsprófsins.

Framkvæmd eru eftirfarandi álagspróf:

Skuldbindingar	Eignir
Líflíkur aukast um 2 ár	Lækkun á virði skuldabréfasafns um 10%
Örorkulíkur hækka um 10%	Lækkun á virði innlendra hlutabréfa um 10%
Vextir til núvirðingar lækka um 0,5%	Lækkun á virði erlendra hlutabréfa um 10%
	Veiking GVT – 10%
	Verðbólga –/+0,5%
	10% niðurfærsla á fasteignaskuldum (sjóðfélagalán)

Niðurstaða álagsprófs er miðuð við tryggingafræðilega stöðu samtryggingardeildar í lok árs ár hvert. Niðurstaðan miðast við heildarstöðu en í útreikningum er hún brotin niður í áfallna- og heildarstöðu.

Ábyrgðaraðili

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á því að álagsprófið sé framkvæmt í samráði við tryggingastærðfræðing sjóðsins. Tryggingastærðfræðingur sér um útreikninga á mismunandi skuldbindingum og á áhrifum á eignir lífeyrissjóðsins.

Tíðni

Álagsprófið er framkvæmt árlega samhliða útreikningi á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins og ársuppgjöri. Samkvæmt tilmælum skal álagsprófið sent inn til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands sem viðhengi með skýrslu um tryggingafræðilega athugun og unnið í samráði við tryggingastærðfræðing sjóðsins. Eindagi þeirrar skýrslu er 15. maí ár hvert.

Vikmörk

Samkvæmt 39. gr. laga nr. 129/1997 má munur á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga ekki vera meiri en 10% eða 5% eða meira í 5 ár.

Viðbragðsáætlun

Fari sjóðurinn út fyrir vikmörk skal framkvæmdastjóri upplýsa stjórn sjóðsins og ábyrgðarðila áhættustýringar og undirbúa nauðsynlegar breytingar á réttindatöflum samþykktu sjóðsins í samráði við tryggingastærðfræðing sjóðsins.

b. Markaðsáhætta - Verklag

Til að mæla markaðsáhattu lífeyrissjóðs eru framkvæmdir VaR (e. Value at Risk) útreikningar. VaR mælikvarðanum er ætlað að segja með $x\%$ vissu að tap muni ekki vera yfir y á næstu n dögum. VaR talan er mæld í mynt og jafnan sett fram í krónum. Notað er 99% öryggisbil (x) og tímalengdin (n) er einn dagur. Þetta þýðir að ef VaR fyrir tiltekinn sjóð er 1 milljón króna eru 99% líkur á að tap næsta dags verði ekki meira en ein milljón króna. Útreikningar eru framkvæmdir og bakprófaðir daglega.

VaR útreikningar eru þannig helsti mælikvarðinn á markaðsáhattu (hlutabréfa, skuldabréfa og gjaldmiðla) lífeyrissjóðsins fyrir utan hefðbundna nafnverðsgreiningu, sem snýr að raunstöðum í einstökum fjármála-gerningum. Að auki er Value per basis point (VBP) reiknað, sem mælir verðbreytingu skuldabréfa miðað við 25bp (0,25 prósentustig) breytingu á viðeigandi vöxtum og segir þar af leiðandi til um vaxtaáhættu.

Skylt er að kalla eftir viðbótargreiningu séu verulegar breytingar á eignaráðstöfun lífeyrissjóðsins.

Gjaldmiðlaáhætta vegna heildargjaldeyrisjafnaðar lífeyrissjóðs er einnig mæld daglega sem VaR með 99% öryggisbili.

Samhliða VaR útreikningum fer fram prófun á réttileika útreikninganna, þ.e. kannað er hvort niðurstöðurnar falli sögulega innan skilgreindra öryggismarka. Prófunin byggir á reglum skv. Basel II viðmiðum.

Misræmisáhætta er birt í mánaðarlegum skýrslum eignastýringar til stjórnar sjóðsins. Í skýrslunni kemur fram verðtryggingarhlutfall, líftími skuldabréfasafns og gjaldmiðlaskipting verðbréfasafns. Skuldbindingar samtryggingardeildar eru allar verðtryggðar og lífeyrisgreiðslur bæði séreignar- og sameignadeilda eru í íslenskum krónum.

Áhættustjóri lífeyrissjóðsins ber ábyrgð á útreikningum áhættumælikvarða vegna markaðsáhattu og upplýsingagjöf til stjórnar, sjóðstjóra og framkvæmdastjóra sjóðsins sem og framkvæmdastjóra Eignastýringar og miðlunar og Áhættustýringar Landsbankans ef við á.

Ábyrgðaraðili

Ábyrgðaraðili áhættustýringar ber ábyrgð á því að fram fari áhættumat á markaðsáhattu. Ábyrgðaraðila áhættustýringar ber að upplýsa framkvæmdastjóra og stjórn sjóðsins um niðurstöður áhættumatsins.

Ábyrgðaraðili áhættustýringar ber ábyrgð á því, ásamt eignastýringu, að meta misræmisáhattu og upplýsa framkvæmdastjóra um mat sitt. Ábyrgðaraðili áhættustýringar ber ábyrgð á því að upplýsa stjórn.

Tíðni

VaR (þar með talin samfylgni og flökt) og nafnverðsgreining eru reiknuð daglega fyrir lífeyrissjóð en skýrslugjöf er mánaðarleg til stjórnar. Value per basis point (VBP) fyrir skuldabréf sjóðsins er einnig reiknað daglega.

Áhættumat er hluti af mánaðarlegum skýrslum til stjórnar sjóðsins. Í mánaðarskýrslu til stjórnar kemur fram þróun á 7 daga hlaupandi meðaltali á 1 dags VaR ávöxtunarleiða lífeyrissjóðsins.

Misræmisáhætta er metin daglega og gerð grein fyrir henni í mánaðarlegum skýrslum til stjórnar sjóðsins.

Vikmörk

Ekki eru skilgreind sérstök vikmörk fyrir VaR en náð er fylgst með hreyfingum.

Vikmörk misræmisáhættu koma fram í fjárfestingastefnu sjóðsins. Þar kemur fram að hámarkslíftími skuldabréfasafns er 10 ár. Í fjárfestingastefnu lífeyrissjóðsins kemur einnig fram hámarks hlutfall í gengisbundnum eignum og er það hlutfall misjafnt eftir ávöxtunarleiðum. Vikmörk í verðtryggingarmisvægi skuldabréfasafns hefur ekki verið skilgreint, heldur er staðan borin mánaðarlega saman við verðtryggingahlutfall viðmiðs lífeyrissjóðsins.

Viðbragðsáætlun

Fari markaðsáhætta út fyrir skilgreind vikmörk skal ábyrgðaraðili áhættustýringar kalla saman fund sjóðstjóra, framkvæmdastjóra og sjóðstjóra. Á fundinum skal ákveða hvort og hvernig skuli brugðist við. Ákvörðunina skal kynna fyrir stjórn sjóðsins á næsta stjórnarfundum.

c. Eigna- og skuldbindingajöfnuður - Verklag

Á hverju ári er framkvæmd tryggingafræðileg úttekt á samtryggingardeild sjóðsins og miðast hún að jafnaði við lok hvers almanaksárs. Úttektin er gerð af tryggingastærðfræðingi sem metur heildarskuldbindingar sjóðsins, þ.e. áfallnar skuldbindingar og skuldbindingar til framtíðar. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er hrein eign auk núvirðis framtíðariðgjalda sem hlutfall af heildarskuldbindingum.

Ábyrgðaraðili

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á því að tryggingafræðileg úttekt sé framkvæmd og upplýsir stjórn sjóðsins og ábyrgðaraðila áhættustýringar, sé niðurstaða úttektarinnar utan vikmarka samkvæmt lögum.

Tíðni

Tryggingafræðileg staða skal reiknuð af tryggingastærðfræðingi einu sinni á árlega

Vikmörk

Samkvæmt 39. gr. laga nr. 129/1997 skal gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins ef í ljós kemur að 10% munur er á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga. Sama gildir ef munurinn samkvæmt tryggingafræðilegum athugunum hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár.

Viðbragðsáætlun

Þegar tryggingafræðileg úttekt liggur fyrir og niðurstaðan er yfir framangreindum mörkum skal á næsta ársfundi leggja til breytingar á samþykktum sjóðsins með það að markmiði að tryggingafræðileg staða verði í jafnvægi.

d. Rekstraráhætta - Verklag

Mæling á rekstraráhættu er gerð með áhættumati sem er framkvæmt af stjórn sjóðsins.

Ábyrgðaraðili

Ábyrgðaraðili áhættustýringar ber ábyrgð á að áhættumat sé framkvæmt í samræmi við fyrirmæli í lögum, reglugerð og áhættustefnu.

Tíðni

Úttekt á rekstraráhættu sjóðsins skal gera árlega í tengslum við heildaráhættumat sjóðsins.

Vikmörk

Áhættugildi samkvæmt áhættumati rekstraráhættu eru á bilinu 2 til 10. Sé metið áhættugildi 6 eða hærra í áhættumati ber sjóðnum að bregðast við með úrbótum.

Viðbragðsáætlun

Þegar niðurstöður áhættumats liggja fyrir og einn eða fleiri þættir í mati eru utan vikmarka ber framkvæmdastjóra sjóðsins að gera tillögur um úrbætur og kynna fyrir stjórn sjóðsins.

e. Orðsporsáhætta - Verklag

Sjóðurinn hefur sett sér siðareglur og starfsreglur auk áhættustefnu og áhættustýringarstefnu sem miða að því að viðhalda góðu orðspori og draga úr hættu á að orðspor sjóðsins skaðist. Í því sambandi leitast sjóður-

inn við að eiga viðskipti við þá aðila sem starfa í samræmi við lög og eru ekki taldir geta valdið sjóðnum hættu á orðsporstjóni.

Ábyrgðaraðili

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á því að fræða stjórnarmenn og aðra sem að rekstri sjóðsins koma um orðsporsáhættu og hvernig starfsmenn skuli bregðast við ef upp kemur orðsporsáhætta.

Tíðni

Mat á orðsporsáhættu starfseminnar skal gert árlega í eigin áhættumati sjóðsins.

Vikmörk

Engin vikmörk, ef orðsporsáhætta skapast ber að bregðast við.

Viðbragðsáætlun

Framkvæmdastjóri skal, í samráði við stjórn og ábyrgðaraðila áhættustýringar, upplýsa og leitast við að bregðast við atburðinum svo fljótt sem auðið er með þeim aðgerðum sem taldar eru viðeigandi hverju sinni.

f. Stjórnhættir - Verklag

Gæta þarf að því að að verklagsreglur stjórnar, framkvæmdastjóra og starfsmanna sjóðsins og stjórnhættir almennt séu í samræmi við ákvæði laga og reglna hverju sinni og að stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra og starfsmönnum séu ljósar þær kröfur sem til þeirra eru gerðar.

Ábyrgðaraðili

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á því að verklagsreglur og stjórnhættir séu í samræmi við gildandi rétt og að kynna möguleg frávik fyrir stjórn. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á því að kynna þær kröfur sem gerðar eru til starfsmanna fyrir þeim sem við á.

Tíðni

Verklag og stjórnhættir skulu yfirfarin að minnsta kosti árlega, fyrir útgáfu ársreiknings og oftast sé lögum eða reglum breytt. Stjórnarmenn undirrita stjórnháttayfirlýsingu.

Vikmörk

Engin vikmörk, ef misræmi finnst ber að bregðast við.

Viðbragðsáætlun

Framkvæmdastjóri skal kynna misræmi fyrir stjórn. Framkvæmdastjóri skal, í samráði við stjórn og ábyrgðaraðila áhættustýringar, leitast við að leiðrétta misræmið svo fljótt sem auðið er.

g. Mótaðilaáhætta

Mæling á mótaðilaáhættu er gerð með lánshæfislíkani Áhættustýringar Landsbankans. Þar eru skoðaðar fjárhagskennitölur útgefandans, aldur og atvinnugrein og út frá þeim þáttum er útgefandanum gefin einkunn á bilinu 1-10. Út frá einkunninni eru líkur á vanefnd skuldbindinga metnar. Aðeins eru skoðaðir útgefendur sem vega yfir 1% af hreinni eign sjóðsins. Jafnframt er litið til undirliggjandi trygginga og bakábyrgðar ef hennar nýtur við.

Ábyrgðaraðili

Ábyrgðaraðili áhættustýringar skal greina einkunn fyrir hvern útgefanda og sjá til þess að niðurstöðurnar séu birtar í mánaðarskýrslu til stjórnar sjóðsins.

Tíðni

Niðurstöður úttektar á mótaðilaáhættu er birt í hverjum mánuði í skýrslu til stjórnar sjóðsins. Stjórn nalgast skýrsluna í gagnaherbergi eða hún send til stjórnarmanna með tölvupósti.

Vikmörk

Ekki skal fjárfest í verðbréfum útgefanda sem fær undir 3 í lánshæfislíkaninu og vegur meira en 1% af heildareignum sjóðsins að því gefnu að engin veð eða bakábyrgðir séu til staðar.

Viðbragðsáætlun

Ef niðurstaða lánshæfislíkansins er undir 3 og engin veð eða bakábyrgðir eru til staðar skal gera ráðstafanir sem felast í því að annað hvort selja verðbréf útgefandans, afla trygginga eða gera aðrar ráðstafanir sem tryggja hagsmuni sjóðsins.

h. Lausafjórðing - Verklag

Ábyrgðaraðili áhættustýringar, í samráði við sjóðstjóra, fylgist reglulega með seljanleikaáættu og metur seljanleika eigna sjóðsins. Í mánaðarlegum skýrslum til stjórnar er listað upp hlutfall seljanlegra eigna í eignasafni sjóðsins.

Ein helsta útstreymisáættan sem sjóðurinn býr yfir er að sjóðfélagar séreignadeilda lífeyrissjóðsins geta flutt inneign sína á milli ávöxtunarleiða og til annarra vörsluaðila og að eignir eru lausar til eingreiðslu við 60 ár.

Við mótun fjárfestingastefnu lífeyrissjóðsins á hverju ári er útgreiðsluáættu vegna aldurs sjóðfélaga metin.

Ábyrgðaraðili

Ábyrgðaraðili áhættustýringar ber ábyrgð á að lausafjórðing lífeyrissjóðsins sé metin.

Tíðni

Seljanleikaáættu er metin mánaðarlega og tilgreind í mánaðarskýrslu til stjórnar lífeyrissjóðsins. Útgreiðsluáættu vegna aldurssamsetningar sjóðfélaga séreignarsjóða er metin árlega samhliða mótun fjárfestingastefnu sjóðsins.

Vikmörk

Sjóðurinn hefur skilgreint sér tvenn vikmörk varðandi lausafjórðing:

1. Ávöxtunarleiðir sjóðsins skulu miða við að eiga 1% af hreinni eign sjóðsins í lausu fé inni á reikningi til þess að mæta óvæntum útgjöldum.
2. Miða skal við að hlutfall seljanlegra eigna sé aldrei lægra en hlutfall eigna þeirra sjóðfélaga sem verða 60 ára eða eldri á árinu auk vænts brúttó útflæðis næstu 12 mánuði.

Viðbragðsáætlun

Fari sjóðurinn út fyrir vikmörk skal ábyrgðaraðili áhættustýringar upplýsa framkvæmdastjóra og stjórn sjóðsins og undirbúa nauðsynleg viðbrögð í samráði við sjóðstjóra.

i. Samþjöppunaráættu - Verklag

Eftirlit með samþjöppunaráættu er framkvæmt á stærstu útgefendur verðbréfa í eignasafni lífeyrissjóðsins. Miðað skal við eignir umfram 1% af hreinni eign lífeyrissjóðs og skal það mat framkvæmt tvisvar á ári eða þegar nýjar fjárhagsupplýsingar berast frá útgefanda. Ábyrgðaraðili áhættustýringar reiknar út margfaldara fyrir hvern útgefanda, vegur þá saman og gefur útgefanda skor. Fylgst er með breytingum á margföldurum og skori milli tímabila. Hafa ber í huga að margfaldarar eru mismunandi eftir tegund útgefenda samanber ríki, sveitarfélög, banka og fyrirtæki. Margfaldarar eru einnig mismunandi eftir atvinnugreinum. Ekki er því sjálfgefið að mótaðilalíkaníð sem notað er við útreikningana sé viðeigandi fyrir alla útgefendur. Miða skal við að meta nýja útgefendur, þar sem fjárfesting fer yfir 0,5% af hreinni eign, með mati á fjárhagsupplýsingum, fjárhagslegum skilmálum og veðum.

Skilgreina skal í fjárfestingarstefnu sjóðsins kröfur um upplýsingagjöf frá útgefanda fjármálagernings og eins viðbrögð ef útgefandi verður uppvís að ófullnægjandi upplýsingagjöf.

Ársfjórðungslega, eða um leið og ný gögn berast, skal meta stærstu útgefendur með tilliti til greiðslufalls.

Samþjöppunaráættu eignasafns er metin með því að reikna daglega hlutfall allra útgefenda í verðbréfasafni lífeyrissjóðsins, bæði í einstökum bréfum og eignum í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum. Þá er samþjöppunaráættu reiknuð út innan tiltekinna atvinnugreina.

Við útreikninga á mótaðilaáættu er notað reiknilíkan sem gefur kennitölum úr rekstri fyrirtækja ákveðna einkunn. Módelið byggir á lánshæfiseinkunnarlíkani áhættustýringar Landsbankans.

Samræming lánsþæfiseinkunnar og líkinda á 90 daga vanefndum skv. líkaninu:

Einkunn	Lýsing	Líkur á vanefnd
10	Áreiðanlegustu, traustustu og skilvísustu aðilar sem völ er á (í mörgum tilfellum ríki eða sambærilegir aðilar). Breytingar á ytri skilyrðum koma ekki til með að valda þeim vand-ræðum, enda aðgangur að fjármagni auðveldur. Aðilinn mun standa í skilum með allar sínar skuldbindingar.	0,04%
9	Mjög áreiðanlegir, traustir og skilvísir aðilar. MJög ólíklegt að breytingar á ytri skilyrðum hafi áhrif á þá. Aðilinn mun standa í skilum með allar skuldbindingar sínar. MJög sterk fjár-hagsstaða.	0,07%
8	Áreiðanlegir, traustir og skilvísir aðilar. Ólíklegt að breytingar á ytri skilyrðum hafi áhrif á þá. Allar líkur á að því að aðilinn standi í skilum með allar skuldbindingar sínar. Sterk fjár-hagsstaða.	0,14%
7	Áreiðanlegir, traustir og skilvísir aðilar. MJög litlar líkur á að breytingar á ytri skilyrðum hafi áhrif á þá. MJög litlar líkur á að aðilinn standi ekki í skilum með allar skuldbindingar sínar. Sterk fjárhagsstaða.	0,33%
6	Líkur eru á, þó að litlar séu, að breytingar á ytri skilyrðum hafi áhrif á aðila. MJög litlar líkur eru á því að ytri skilyrði leiði til greiðsluvandræða. Líklegast er að aðilinn standi í skilum með allar sínar skuldbindingar. Fjárhagsstaða góð.	0,67%
5	Líkur eru á að breytingar á ytri skilyrðum hafi áhrif á þá. Litlar líkur á því að ytri skilyrði leiði aðilann í greiðsluvandræði. Líklegast að aðilinn standi í skilum með allar sínar skuld-bindingar. Fjárhagsstaða góð.	1,43%
4	Breytingar á ytri skilyrðum hafa áhrif á aðilann og geta leitt til greiðsluvandræða. Aðilinn mun þó líklega geta staðið í skilum við skuldbindingar sínar. Fjárhagsstaða í lagi.	3,33%
3	Fremur lítið má bregða út af til að aðili lendi í alvarlegum greiðsluferfiðleikum. Nokkrar líkur á að viðkomandi lendi í vanefndum. Fjárhagsstaða fremur veik.	6,67%
2	Fjárhagsstaða aðila hefur versnað til muna að undanfögnu. Umtalsverðar líkur eru á að við-skriptavinur lendi í vanefndum. Fjárhagsstaða veik.	12,50%
1	Miklar líkur að aðili lendi í vanefndum og miklar breytingar á ytri þáttum eða fjármögnun þarf til að koma aðila á réttan kjöl. Fjárhagsstaða mjög veik.	25,00%

Í mánaðarskýrslu til stjórnar er einnig tilgreind samþjöppunaráhætta ávöxtunarleiða sjóðsins. Listaðir eru upp stærstu útgefendur verbréfa (hlutabréf og skuldabréf) í eigu ávöxtunarleiða sjóðsins án ríkis, bæði í gegnum beinar fjárfestingar og sjóði.

Landsáhætta er metin huglægt þegar við á og tilkynnt til stjórnar.

Ábyrgðaraðili

Ábyrgðaraðili áhættustýringar ber ábyrgð á að eftirlit með mótaðilaáhættu sjóðsins sé framkvæmt og að upplýsa framkvæmdastjóra og stjórn sjóðsins hálfárslega um niðurstöðu þess.

Tíðni

Útlánaáhættulíkanið skal uppfært um leið og ný gögn berast, eigi sjaldnar en árlega. Sjóðsstjóri skal meta mótaðilaáhættu áður en fjárfest er í nýjum útgefendum. Upplýsa skal stjórn sjóðsins hálfárslega um niðurstöðu eftirlits.

Ef reiknaðir margfaldarar útgefanda fara niður í skilgreind áhættumörk eða víkja verulega frá þeim gildum þegar verðbréf á útgefanda voru keypt, skal kalla saman fund sjóðstjóra og framkvæmdastjóra eins fljótt og auðið er og meta næstu skref. Niðurstöður skal svo kynna á næsta stjórnarfundum.

Vikmörk

Stefnt er að því að útgefendur, sem ekki njóta bakábyrgðar eða önnur veð, séu ekki með lægri einkunn en 4. Samkvæmt fjárfestingarstefnu er hámark hvernar atvinnugreinar 25% af eignum safnsins.

Viðbragðsáætlun

Fari einkunn útgefanda út fyrir skilgreind vikmörk skal kalla saman fund ábyrgðaraðila áhættustýringar, sjóðstjóra, framkvæmdastjóra og deildarstjóra stýringar eigna. Á fundinum skal ákveða hvort og hvernig skuli brugðist við. Ákvörðunina skal kynna fyrir stjórn sjóðsins á næsta stjórnarfundum.

Fari samþjöppun atvinnugreinar út fyrir skilgreind vikmörk skal kalla saman fund sjóðstjóra, framkvæmdastjóra og deildarstjóra stýringar eigna. Á fundinum skal ákveða hvort og hvernig skuli brugðist við. Ákvörðunina skal kynna fyrir stjórn sjóðsins á næsta stjórnarfundum.

j. Aðrir áhættuþættir sem lífeyrissjóðurinn telur geta haft áhrif á eignir og skuldbindingar sjóðsins – verklag

Hér undir fellur önnur, ófyrirsjáanleg áhætta eða atburðir. Með vísan til ófyrirsjáanleika slíkra atburða verður að bregðast við í hverju tilfalli fyrir sig með tilliti til áhættustefnu og aðstæðna.

k. Álagspróf séreignardeilda

Skilgreining

Sem hluti af áhættumat lífeyrissjóðsins er framkvæmt álagspróf á eignasafn séreignadeilda sjóðsins. Ekki er um neinar reiknaðar skuldbindingar að ræða hjá séreignardeildum, heldur eiga sjóðfélagar eingöngu hlutdeild í eignum sjóðsins samkvæmt því sem þeir hafa greitt í sjóðinn.

Verklag

Álagsprófið er framkvæmt þannig að ávöxtun deildana er endurmetin miðað við að ákveðnar forsendur breytist. T.d. að öðru óbreyttu, hver hefði ávöxtun deildana á árinu verið ef innlend hlutabréf hefðu lækkað um 10%.

Ábyrgðaraðili

Sjóðstjóri framkvæmir útreikning álagsprófs séreignardeilda en ábyrgðaraðili áhættustýringar fer yfir útreikning og kynnir fyrir framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri kynnir niðurstöðu fyrir stjórn í næstu mánaðarskýrslu.

Tíðni

Álagsprófið er framkvæmt árlega og miðast við að því sé lokið í lok maí ár hvert.

Vikmörk

Álagspróf er sett fram til þess að auka áhættuvitund stjórnar og starfsmanna sjóðsins. Ekki er því um nein vikmörk að ræða.

Viðbragðsáætlun

Á ekki við.

l. Vikmarkaæftirlit

Fjárfestingarstefna lífeyrissjóðsins gegnir lykilhlutverki í að greina og stýra áhættum sem lífeyrissjóðurinn tekur. Þar skal skilgreina í hvaða eignaflokkum lífeyrissjóðurinn fjárfestir, í hvaða hlutföllum og vikmörk fjárfestinganna. Í 36 gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 129/2007 kemur fram að lífeyrissjóður skal á hverjum tíma vera innan þeirra marka sem löggin setja. Í því felst m.a. að sjóðstjóri þarf að vita hver eign sjóðsins er í hverjum útgefanda, beint og óbeint í gegnum verðbréfasjóði. Vikmarkaæftirlit snýr að því að fylgjast með eignaráðstöfun lífeyrissjóðsins og bera hana saman við lög og fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Verklag

Ábyrgðaraðili áhættustýringar, framkvæmdarstjóri og sjóðstjóri lífeyrissjóðsins hafa aðgang að daglegri stöðu markaðseigna sem lífeyrissjóðurinn á beint og óbeint í tilteknum útgefendum.

Skýrsla um vikmarkaefirlit með lögum og fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðsins er gerð mánaðarlega af ábyrgðaraðila áhættustýringar og Áhættustýringu Landsbankans. Ábyrgðaraðili áhættustýringar kannar einnig atvinnugreinaskiptingu.

Ábyrgðaraðili

Ábyrgðaraðili áhættustýringar, Framkvæmdastjórar Áhættustýringar og Eignastýringar og miðlunar Landsbankans ásamt forstöðumönnum Markaðsáhættu Landsbankans og Eignastýringar Landsbréfa bera ábyrgð á vikmarkaefirliti en framkvæmd þess er í höndum ábyrgðaraðila áhættustýringar.

Tíðni

Vikmarkaefirlit er framkvæmt daglega. Upplýsingar til framkvæmdastjóra og sjóðstjóra sjóðsins eru sendar mánaðarlega. Samantekin skýrsla er send á stjórn ársfjórðungslega.

Vikmörk

Vikmörk eru skilgreind í fjárfestingarstefnu hverju sinni. Í fjárfestingastefnu kemur fram að hámarkshlutfall einnar atvinnugreinar í hlutabréfasafni sjóðsins skuli vera 25%.

Viðbrögð

Komi upp frávík frá lögum eða fjárfestingarstefnu sjóðsins er það skráð á yfirlitsskjal um lífeyrissjóðinn og farið yfir frávikið á mánaðarlegum fundum Eignastýringar og Áhættustýringar Landsbankans. Á fundinum kemur Eignastýring með skýringu á fráviki ásamt viðbrögðum við fráviki sem er skráð af starfsmanni Áhættustýringar á yfirlitsskjalið. Ábyrgðaraðili áhættustýringar upplýsir framkvæmdastjóra og stjórn sjóðsins um frávík. Ef eignaráðstöfun er nálægt vikmörkum er það tiltekið sérstaklega á yfirlitsskjalinu sem ábending. Komi sama frávikið fyrir tvö skipti í röð er það skráð sem ítrekað frávík og ef ekki er brugðist við því strax fer það fyrir Áhættu- og fjármálanefnd Landsbankans og fyrir næsta stjórnarfund sjóðsins.

Birtingartafla

Tegund áhættu	Ábyrgð	Aðferðarfræði	Tíðni eftirlits	Skýrslugjöf
<i>Lífeyristryggingaráhætta</i>				
-Lífeyristryggingaráhætta	FS	Álagspróf á tryggingafræðil. stöðu	Árlega	Árlega
<i>Markaðsáhætta</i>				
-Hlutabréfaáhætta	ÁÁ	VaR	Daglega	Mánaðarlega
-Vaxtaáhætta	ÁÁ	VaR	Daglega	Mánaðarlega
-Gjaldmiðlaáhætta	ÁÁ	VaR	Daglega	Mánaðarlega
-Flókt- og fylgniáhætta	ÁÁ	VaR	Daglega	Mánaðarlega
-Misræmisáhætta	ÁÁ	Samanburður skulda og eigna	Mánaðarlega	Mánaðarlega
-Uppgreiðsluáhætta	ÁÁ	Ad Hoc	Ad Hoc	Ad Hoc
-Markaðseignir utan ehr.	ÁÁ	Á ekki við	Á ekki við	
<i>Eigna- og skuldbjöfnuður</i>				
-Eigna- og skuldbjöfnuður	FS	Tryggingarfræðileg úttekt	Árlega	Mánaðarlega
<i>Rekstraráhætta</i>				
-Rekstraráhætta	ÁÁ	Áhættumat, huglægt mat	Árlega	Árlega
<i>Stjórnhættir</i>				
-Stjórnhættir	FS	Regluskoðun, huglægt mat	A.m.k. árlega	Árlega
<i>Mótaðilaáhætta</i>				
-Útlánaáhætta	ÁÁ	Margfaldaragreining	1-4x á ári	Mánaðarlega
-Uppgjörásáhætta	ÁÁ	Huglægt mat	Fyrstu kaup	Mánaðarlega
-Afhendingaráhætta	ÁÁ	Huglægt mat	Árlega	Mánaðarlega
<i>Lausafjáraáhætta</i>				
-Lausafjáraáhætta	ÁÁ	Mat á seljanleika	Daglega	Mánaðarlega
<i>Samþjöppunaráhætta</i>				
-Samþjöppunaráhætta	ÁÁ	Hlutfallsgreining	Mánaðarlega	Mánaðarlega
<i>Aðrir áhættuþættir</i>				
-Aðrir áhættuþættir	ÁÁ	Eftir atvikum	Eftir atvikum	Eftir atvikum
<i>Álagspróf Séreignardeildar</i>				
-Álagspróf Séreignardeildar	ÁÁ	Álagspróf	Árlega	Mánaðarlega
<i>Vikmarkaeftirlit</i>				
-Vikmarkaeftirlit	ÁÁ	Úttekt daglegrar stöðu	Daglega	Mánaðarlega

Undirritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Staðfest með undirritun stjórnar Íslenska lífeyrissjóðsins

Reykjavík, 24. mars 2021

Atli Atlason,
Formaður stjórnar

Erla Ósk Ásgeirsdóttir

Snorri Ómarsson

Una Eyþórsdóttir

Þórir Óskarsson

Ólafur Páll Gunnarsson
Framkvæmdastjóri

